

aðeins »spjátrungar og spilagosar erindi«, en »að síðustu ekki heldur þeir«. Ummæli þessi, sem ekki eru réttlætt, eru mjög meiðandi fyrir stefnanda, sem prest, og ber því að ómerkja þau og láta stefnda sæta sektum fyrir þau, samkv. 218. gr. hegningarlaganna.

Samkvæmt framanskráðu þykir rétt, að stefndur greiði fyrir þau ummæli, er refsiverð þykja, 500 króna sekt í rikissjóð ella sæti hann 31 dags einföldu fangelsi, sé sektin ekki greidd í tækan tíma. Hinsvegar verður, — enda þótt hin saknæmu ummæli stefnda um stefnanda séu í eðli sinu og á þann hátt sem þau eru rituð í grein þeirri, sem stefnt er út af, láns- traustspillandi —, að sýkna stefnda af kröfum stefnanda um miskabætur og lánstraustspjöll, þar sem stefnandi hefir ekki fært neinar sannanir eða líkur fyrir því, að hin umstefndu orð hafi bakað honum eða muni baka honum traustspjöll. Stefndur greiði stefnanda í málskostnað 250 krónur, en að öðru leyti falli málskostnaður niður með sérstöku tilliti til þess, að stefndur hefir greitt allan kostnað við vitnaleiðslur í máli þessu.

Til þess að sekta stefnanda fyrir ósæmilegan rithátt í máli þessu, finnst eftir atvikum ekki ástæða.

Auk þeirra tveggja atriða í málfærslu stefnda, sem réttur- inn hér að framan hefir vitt, ber að ávita stefnanda fyrir það, að mæta ekki, eða láta mæta og greiða lögboðin réttargjöld, þegar mál þetta var tekið til dóms. Að öðru leyti hefir rekst- ur málsins í héraði verið vitalaus.

Dráttur sá, sem orðið hefir á uppkvaðningu dóms í máli þessu, sem er talsvert umfangsmikið, stafar sumpart af annriki dómars, en sumpart af veikindum á heimili hans.

Mánudaginn 18. nóv. 1929.

Nr. 78/1929.

Valdstjórnin (Magnús Guðmundsson)
gegn

Karl Kuhr (Jón Ásbjörnsson).

Botnvörpuveiðabrot.

Dómur lögregluréttar Vestmannaeyja 22. maí 1929: Kærði, Karl Kuhr, á innan fjöggra vikna að greiða sekt

að upphæð kr. 12500.00 til Landhelgissjóðs Íslands, en afpláni hana með sjö mánaða einföldu fangelsi fáist hún ekki greidd. Ennfremur skulu öll veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir, svo og allur afli innanborðs í togaranum Königsberg, B. X. 140 frá Bremerhaven, vera upptækt og andvirðið renna í sama sjóð.

Auk þess greiði kærði allan kostnað málsins, sem orðinn er og verður.

Dóminum að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Í hæstarétti hefir verið lagt fram sjúkort, sem forstöðumaður stýrimannaskólans hefir markað á mælingar og miðanir varðskipsins. Sýna þessar mælingar og miðanir, að skip kærða hefir verið um 2,2 sjómilur frá landi eða um 0,8 úr sm. innan landhelgislunnar, er það var stöðvað af varðskipinu, og þar sem skip kærða var þá að veiðum með stjórnborðsvörpu í sjó, er það sannað, að kærði hefir gjörzt brotlegur gegn 1. gr. í lögum nr. 5, 18. maí 1920, og með því að fallast má á ákvæði lögregluréttardómsins um upphæð sektar og vararefsingu, um upptekt afla og veiðarfæra og málskostnað, ber að staðfesta dóminn, þó þannig, að greiðslufrestur sektarinnar telst frá birtingu dóms þessa.

Kærða ber að greiða allan kostnað málsins í hæstarétti, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda, 80 kr. til hvors.

Þ v i d æ m i s t r é t t v e r a :

Lögregluréttardóminum skal óraskað, þó þannig, að greiðslufrestur sektarinnar telst frá birtingu dóms þessa.

Kærði, Karl Kuhr, greiði allan kostnað málsins í hæstarétti, þar með talin málflutningslaun sækj-

anda og verjanda, málflutningsmannanna, Magnús-
ar Guðmundssonar og Jóns Ásbjörnssonar, 80 kr.
til hvors.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að
lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Samkvæmt skýrslu skipherrans á varðskipinu Þór, var kærði
í máli þessu, Karl Kuhr, fæddur 14. janúar 1882, staddur á land-
helgissvæðinu nálægt Ingólfshöfða 19. þ. m., snemma morguns,
á skipi sinu togaranum Königsberg, B. X. 140 frá Bremerhaven,
að toga með stjórnborðsvörpu í sjó. Kærði var ekki sjálfur
við stjórn nokkru áður en skipið var stöðvað heldur stýrimað-
ur hans. Hefir stýrimaður borið og kærði haft til varnar sér,
að skipið hafi ekki verið á landhelgissvæðinu, er það var stöðv-
að, heldur komið inn fyrir landhelgislinuna vegna þess að
beygja varð inn á við, þegar skipið var stöðvað til þess að
komast hjá því að fá virinn í skrúfu togarans og straumur bar
það nær landi. Þessar varnarástæður geta þó ekki orðið teknar
til greina, þar sem sannað má telja, að skip kærða hafi
verið meir enn hálfa sjómílu fyrir innan landhelgislinuna
þegar það var stöðvað, og það sem kærði ber fram um, að
skipið hafi rekið, snertir ekki þetta að neinu leyti eða hvað
það hefir verið látið beygja þar áður eða um leið.

Eftir þessu verður að telja sannað, að kærði hafi brotið
gegn 1. gr. laga nr. 5, 18. maí 1920 um bann gegn botnvörpu-
veiðum og þykir refsing sú, sem hann hefir til unnið, með
tilliti til þess, að hér er um fyrsta brot hans á nefndum lög-
um að ræða og með hliðsjón af að dagsgengi krónunnar er
0,8165 úr gullkrónu, hæfilega ákveðin sekt að upphæð kr.
12500.00, sem rennur til Landhelgissjóðs Íslands, og greiðist
innan fjöggra vikna. En fáist hún ekki greidd, ber kærða að
afplána hana með sjö mánaða einföldu fangelsi. Ennfremur
skulu öll veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir, svo og allur
afli innanborðs í áður nefndum togara vera upptækt og and-
virðið renna í sama sjóð.

Auk þess greiði kærði allan kostnað málsins, sem orðinn er
og verður.
